



Breyting á Hveramóahver

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-95-03



## BREYTTING Á HVERAMÓAHVER

Í Grændal norður af Hveragerði eru miklir hverir sem ýmsum er kunnugt. Mest er um þá innst í dalnum og svo aftur fremst (mynd 1). Uppi í hlíðinni vestan ár er hverasvæði rétt innan við Þrengslin í dalsmynninu. Þar heitir Hveramóar, og er þar "fremsti gróður í Grændal" segir í örnefnálýsingu sem Pálmi Hannesson skrifaði upp eftir Ólöfu Gunnarsdóttur (var smali í Reykjakoti á æskuárum). Hveramóahvers er fyrst getið hjá Þorkeli Þorkelssyni (1930), þá voru í honum gostilburðir.

EKKI ER VITAÐ HVAR SÁ HVERAMÓAHVER ER SEM ÞORKELL NEFRNIR, EN HANN ER EINHVER AF FJÓRUM LEIRHVERUM SEM LIGGJA HVER INN OG UPP AF ÖÐRUM FRÁ SUÐRI TIL NORÐURS SYÐST Í HVERAMÓUM. MILLI ÞESS SYÐSTA OG NÝRSTA ERU UM 100 m. HVERIRNIR ERU ALLIR STÆRÐAR STAMPAR, ÚLANGIR N-S. LEGA BEIRRA ER SÝND Á 1. MYND.

Mánudaginn 13.2. var hringt í mig frá Reykjakoti og mér sagt að Varmá hefði verið mjólkurlit-úð daginn áður. Nú væri hún aftur að nálgast réttan lit, en ljósleitur leir sæti á botninum í lygnum. Hrefna (í Reykjakoti) bauðst til að fara upp í Grændal þá um daginn (13.2.) til að aðgæta hvort ummerki sæjust um jarðrask. Ekki þurfti langt að fara til að sjá hvað þarna hafði gerst. Hver einn syðst í Hveramóunum bullaði ákaflega og rann frá honum ljósgruggug læna niður í Grændalsá. Var auðséð að drullugos hafði orðið í hvernum þá nýlega og hann ælt úr sér hinni ljósleitu vellu sem litað hafði Varmá daginn áður.

Jarðskjálftakippir fundust í Reykjakoti og á Friðarstöðum, Diðrik (á Friðarstöðum) minnir á laugardeginum og aðfaranótt sunnudags. Hann nefndi 3 kippi, þann greinilegasta um fimmleitið (þ. 12.2?).

Þann 18.2 fór ég austur að líta á ummerki. Allt stóð heima við lýsingu Hrefnu. Gruggug læna rann frá hvernum niður í Grændalsá og litaði hana, en án var tær ofan við. Varmá var vatnslítill og á henni sást enginn litur. Hverinn sem gruggið rann frá er um 8 m langur N-S og 3 m breiður. Þverbratt er ofan í hann brekkumegin um 1,5 m. Lausar fyllur lafa utan í veggnum þeim megin, rétt ófallnar niður. Forbrekkis fláir út af hverastampinum og rennur yfir barminn á tveimur stöðum. Mikil suða er syðst í hvernum og gengur órgan svo sem 1 m upp. Þar hefur hveragosið orðið. Dreif af gráum leir liggur frá hvernum og litar jörðina og snjóinn svo sem 10-15 m suður frá honum. Drulluskarir eru meðfram afrennslislænunum sem sýna að töluvert rennsli hefur verið frá hvernum meðan gosið stóð yfir. Nú mat ég samanlagt rennsli frá hvernum 1/2-1 l/s. Enga breytingu var að sjá á öðrum hverum í Hveramóum.

Grændalsá litaðist af lænunni frá hvernum svo ekki sá í botn þar sem vatn náði í mjóalegg. Botnfall af gruggi var í lygnum. Vægt frost og úrkumulítið var vikuna síðustu og ummerki öll skýr, þrátt fyrir lítilsháttar skafrænnинг daginn sem ég fór á vettvang.

Ég tel víst að Hveramóahverirnir fylgi N-S sprungu. Til hennar sést þó hvergi nema þar sem hverirnir eru úlangir N-S.

Kristján Sæmundsson

